

Samþykkt

um

verndun Safamýrar, sem gildir fyrir Veteifsholtshverfi og Bjóluhverfi, að undantekinni jörðunni Hrafnatóftum.

Amtmaðurinn yfir Suður- og Vesturömtunum

Gjörir kunnugt: Samkvæmt samþykktarlögum 13. apríl 1894, um verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Samþykkt

um

verndun Safamýrar, sem gildir fyrir Veteifsholtshverfi og Bjóluhverfi að undantekinni jörðunni Hrafnatóftum, og skal samþykktin, sem samin er af sýslunefndinni í Rangárvallasýslu öðlast gildi 1. október 1900.

1. gr.

Tilgangur samþykktar þessarar er að þurka svo upp Safamýri, að hægt verði að stunda heyskap í henni, og skal það gjört:

1. með því að skera fram Flóðakeldu;
2. með því að hlaða í Bjólúsa og í ála beggja megin þeirra í Bjólulandi, sem renna kunna inn á mýrina.

2. gr.

Sýslunefnd skipar mann til að hafa aðalumsjón með framkvæmd verksins. Skal hann skipaður til þriggja ára í senn og starftími hans miðaður við 1. maí.

Framkvæmdarstjóri kýs 2 menn, búsetta á samþykktarsvæðinu, sem í ráðum skulu vera með honum og aðstoda hann í öllum greinum.

3. gr.

Framkvæmdarstjóri og aðstodarmenn hans ráða verkamenn, sjá um kaup á efni því, er við þarf, og flutning þess, hafa öll reikningsskil á hendi, jafna kostnaðinum niður og innheimta hann, sækja um styrk úr opinberum sjóðum til jarðabótarinnar, og hafa yfir höfuð allar nauðsynlegar ráðstafanir á hendi til framkvæmdar henni. Þeir skulu og semja aðalreikning yfir hinn árlega kostnað, ásamt skýrslu um það, sem unnið hefir verið á árinu, og senda hvorttveggja til oddvita sýslunefndarinnar svo tímanlega, að það verði lagt fyrir aðalfund sýslunefndarinnar til úrskurðar og athugunar. Framkvæmdarstjóri skal í bók rita, er sýslumaður löggildir, allar ráðstafanir, er að verkinu lúta, skýrslur sínar og reikninga.

4. gr.

Kostnaði við framkvæmd verksins, sem eigi fæst úr opinberum sjóðum, skal skipt jafnt á jarðirnar innan samþykktarsvæðisins eptir jarðarmegni að fornu mati. Ber eigandi jarðar helming kostnaðarins og ábúandi hinn helminginn. Þó skal eigandi bera allan kostnað, sem kemur á þau jarðarhundruð, er

enginn ábúandi er á. Kostnaðinn ber að greiða í peningum, eða öðru því, er framkvæmdarstjóri tekur jafngilt. Forgangsrjett eiga menn til vinnu að tiltölu við tillag til jarðabótarinnar. Abúandi skal skyldur að ábyrgjast skilvísu greiðslu á kostnaðarhluta jarðeiganda, enda hafi hann rjett til að ósekju að halda eptir svo miklu af jarðarafgjaldinu, sem kostnaðarauka hans nemur.

Framkvæmdarstjóra skulu úr sýslusjóði greiddar 3 kr. fyrir dag hvern, er hann sakir starfa síns þarf að vera frá heimili sínu.

5. gr.

Þegar jarðabætur þær, er umrædir í samþykkt þessari, eru unnar, skulu ábúendur jarðanna, er samþykktin nær yfir, kosta viðhaldið með jafnri upphæð á hvert jarðarhundrað að f. m., en eigendur kosti viðhald þess, er enginn ábúandi er á. Skal hreppsnefnd Asahrepps sjá um viðhald þeirra og kjósa árlega mann til að hafa framkvæmdir þær á hendi, sem viðhaldið útheimtir, og skal honum eptir reikningi greidd þóknun úr sveitarsjóði fyrir ómak sitt, en senda verður hann hreppsnefndinni skýrslur um það, sem unnið hefir verið að viðhaldinu ár hvert.

Öll hreppsnefndin hefir ábyrgð á, að jarðabótin skemmist eigi sakir hirðuleysis, og getur sýslunefnd komið þeirri ábyrgð fram á hendur henni.

6. gr.

Vanræki framkvæmdarstjóri, aðstoðarmenn hans eða hreppsnefndarmenn skyldur sínar, skulu þeir sekir um 20—100 kr.

Önnur brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10—100 kr. og renna þær í sýslusjóð.

Þetta er hjær með kunngjört öllum hlutadeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtíð, Reykjavík 31. ágúst 1900.

J. Havsteen.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Adalbjargar Ásbjarnardóttur frá Austur-Skálanesi, til fátækra ekkna í Vopnafjarðarhreppi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland. 73
20. júní

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá fyrir

styrktarsjóð Adalbjargar Ásbjarnardóttur frá Austur-Skálanesi, til fátækra ekkna í Vopnafjarðarhreppi.